

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Tilvísun: 2008100055

ÁKVÖRÐUN FJÁRMÁLAEFTIRLITSINS

um fimmstu breytingu á ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, dags. 21. október 2008
um ráðstöfun eigna og skulda
Kaupþings banka hf. til Nýja Kaupþings banka hf.

Með heimild í VI. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. IV. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 44/2009 (áður 100. gr. a. í lögum nr. 161/2002, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008), tekur Fjármálaeftirlitið eftirfarandi ákvörðun:

FORSENDUR:

Í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins í þessu máli frá 21. október 2008 (nefnd „fyrri ákvörðun“ nema annað sé tekið fram) var tekið fram að ákvörðunin byggði á fyrilliggjandi upplýsingum og gögnum. Reyndist hún byggð á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málSATVIK, forsendur ákvörðunarinnar brygðust verulega eða Fjármálaeftirlitið teldi að önnur skipan mála væri nauðsynleg gæti Fjármálaeftirlitið gert hvers konar breytingar á ákvörðuninni, þ.m.t. að fella hana úr gildi í heild eða að hluta. Reynst hefur nauðsynlegt að fresta endanlegu uppgjöri á milli Nýja Kaupþings banka hf. og Kaupþings banka hf. eins og nánar er tilgreint í ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins þann 6. mars 2009 og 15. maí 2009. Í síðastnefndu ákvörðuninni er kveðið á um að endanleg ákvörðun um frest yrði tekin eigi síðar en þann 15. júní 2009. Viðræður standa nú yfir milli eiganda Nýja Kaupþings banka hf. og skilanefndar Kaupþings banka hf. um endanlegt uppgjör á milli þeirra. Ljóst er að tíma þarf til að ganga frá endanlegum skilmálum fjármálagerningsins á milli aðila vegna umfangs og eðlis uppgjörsins. Mikilvægt er að hlutaðeigandi aðilar fái tækifæri til að kynna sér þau gögn og þær upplýsingar sem liggja fyrir, þ.m.t. skýrslur varðandi mat á eignum sem ráðstafað var. Við ákvörðun frestsins er að áliti Fjármálaeftirlitsins mikilvægt að horfa til þess að Nýi Kaupþing banki hf. hefur hafið starfsemi og brýnt er að staða hans vegna uppgjörsins verði skýr og að forsendur efnahagsreiknings liggi fyrir sem fyrst. Af þessum ástæðum hefur Fjármálaeftirlitið ákveðið að veita endanlegan frest til 17. júlí 2009. Ákvörðun er nú tekin um að breyta 12. tl. fyrri ákvörðunar og skal hann hljóða eins og í ákvörðunarordi segir.

ÁKVÖRÐUN:

Skilmálar fjármálagernings um uppgjör vegna ráðstöfunar eigna og skulda Kaupþings banka hf. til Nýja Kaupþings banka hf. skulu liggja fyrir af hálfu aðila eigi síðar en þann 17. júlí 2009.

Önnur ákvæði fyrri ákvarðana í þessu máli eru óbreytt.

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

15. júní 2009.

Gunnar Haraldsson
Formaður stjórnar

Gunnar P. Andersen
Forstjóri